

BORGARRÁÐ 30. apríl 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um að borgarsjóður fjármagni niðurfellingu á leigu hjá leigjendum Félagsbústaða - R20040201

Reykjavíkurborg samþykkir að koma til móts við leigjendur Félagsbústaða vegna þeirrar erfiðu stöðu sem er komin upp í samfélaginu í kjölfar Covid-19 og fella niður leigu í tvo mánuði. Með vísan til erindis Blokkarinnar; Félagi leigjenda hjá Félagsbústöðum sem sent var til Reykjavíkurborgar, kemur fram að leigjendur Félagsbústaða eiga það sameiginlegt að vera tekjulágir, enda skilyrði fyrir búsetu fyrst og fremst þau að vera undir ákveðnum tekjumörkum. Auk þess tilheyra íbúar flestir félagslega- og/eða heilsufarslega viðkvæmum hópum samfélagsins. Fjárhagsleg staða leigjenda hjá Félagsbústöðum er innbyrðis nokkuð misjöfn en niðurfelling leigu muni þó létta róður allra á þessum erfiðu tímum. Líkt og framkemur í erindi félagsins stendur jafnframt að margir séu mjög kvíðnir fyrir framhaldinu og að það sé ljóst að frystingar og dreifingar á greiðslum muni ekki hjálpa mikið í þessum aðstæðum heldur frekar stuðla að auknum vanskilum í framhaldinu. Það að auka mánaðarleg útgjöld vegna greiðsludreifinga sé ekki lausn í þessu sambandi og því sé þörf á róttækari, fyrirbyggjandi aðgerðum. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg er eigandi Félagsbústaða leggur fulltrúi sósíalísta til að borgarsjóður fjármagni niðurfellinguna á leigunni svo að Félagsbústaðir þurfi ekki að gera ráð fyrir þeim kostnaði í rekstri sínum.

Greinargerð:

Blokkinn, félag leigjenda hjá Félagsbústöðum sendi nýlega erindi til Velferðarsviðs, Borgarráðs, Velferðarráðs og Félagsbústaða, þar sem það var skorað á þau að taka höndum saman og koma með öllum ráðum í veg fyrir vanskil og fjárhagsörðugleika leigjenda hjá Félagsbústöðum. Krafa þeirra er að leiga verði felld niður í 2 mánuði og að í framhaldi verði leitað leiða til að aðstoða þau sem lenda í áframhaldandi vandræðum með ýmsum leiðum. Þá skora þau einnig á Félagsbústaði að auka samskipti við leigjendur sem lent hafa í vanskilum og að fallið verði frá því að senda greiðsluseðla sjálfkrafa til innheimtufyrirtækja án þess að leitað hafi verið leiða til samninga fyrst. (Hér má sjá erindið í heild sinni:

https://www.facebook.com/leigjendurfelagsbustada/posts/2734637553431512?__tn__=-R)

Í þeirri stöðu sem nú er uppi í samfélaginu er ljóst að margir hafa þurft að mæta auknum útgjöldum þó að þeir hafi ekki endilega orðið fyrir beinu tekjufalli. Það er því nauðsynlegt að mæta leigjendum Félagsbústaða sem búa við viðkvæma fjárhagslega stöðu og fjárhagslega óvissu, á tímum sem þessum. Lagt er til að Reykjavíkurborg sem eigandi Félagsbústaða fjármagni þennan stuðning, í stað þess að hann verði tekinn beint af rekstrartekjum Félagsbústaða.